

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44  
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 7. desember 2018  
UST201811-226/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag - Seyðisfjarðarkaupstaður**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er gerð vegna breyttra skilmála landnotkunar á atvinnu- og iðnaðarsvæðum og íbúðarsvæðum. Einnig er gerð breyting á landnotkun í Lönguhlíð úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði.

#### **Hverfisvernd**

Í greinargerð kemur fram að umhverfis Lönguhlíðar liggur hverfisverndarsvæðið H2 Vestdalur og Vestdalseyri en umrætt skipulagssvæði er undanskilið þeirri hverfisvernd.

Umhverfisstofnun telur að samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggja landið Lönguhlíð innan hverfisverndarsvæðisins H2 og því mikilvægt að það sé tekið tillit til svæðisins í breytingartillögunni.

#### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri og er númer 607 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er víðfeðmt er lýst sem víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargerð hver áhrif breytinganna verða á náttúruminjarnar.

Að lokum vill Umhverfisstofnun benda á að niðurstaða sveitarstjórnar kemur ekki fram í greinargerð.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakek Kristjansdóttir  
Sérfræðingur